



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2024

MSS24090112

Samþykkt íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Fjölgun almenningsalerna í miðborg

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 30. október 2024, lagði íbúaráð Miðborgar og Hlíðar fram og samþykkti svohljóðandi tillögu, dags. 19. september, sbr. 3. liður fundargerðar ráðsins:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða bendir á þörf þess að fjölga almenningsalernum í Miðborg, sér í lagi á vinsælum ferðamannastöðum. Borið hefur á því að fólk geri þarfir sínar í almenningsgöðum, bílastæðahúsum og einkagöðum á öllum tímum sólarhringsins. Bersýnilega skapar þetta ónæði, ólykt og óþrifnað sem íbúar ættu ekki að þurfa að sætta sig við.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki ofangreinda samþykkt íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnýsla
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um almenningsalerni í miðborginni



Reykjavík



Reykjavík, 19. september 2024

MSS24090112

TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um almenningssalerni í miðborginni

Lagt er til að íbúaráð Miðborg og Hlíða samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að fjölga almenningssalernum í miðborg Reykjavíkur.

Greinargerð:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða bendir á þörf þess að fjölga almenningssalernum í Miðborg, sér í lagi á vinsælum ferðamannastöðum. Borið hefur á því að fólk geri þarfir sínar í almenningsgörðum, bílastæðahúsum og einkagörðum á öllum tímum sólarhringsins. Bersýnilega skapar þetta ónæði, ólykt og óprifnað sem íbúar ættu ekki að þurfa að sætta sig við.

Fyrir liggja tillögur starfshóps um þjónustumarkmið um almenningssalerni í Reykjavík frá því í júlí 2016. Eru þar lagðar fram tillögur og markmið sem styðja við tillögu íbúaráðsins. Íbúaráðið bendir sérstaklega á að sjálfhreinsandi almenningssalerni, sem þekkjast víða erlendis, eru vel til þess fallin að ná markmiðinu um hrein og aðlaðandi almenningssalerni.



Reykjavík